

**Ed.**

**336. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Þegar lög nr. 24, 12. sept, 1917, voru sett, var vist hugsunin sú, að þau væru aðeins bráðabirgðaráðstöfun vegna styrjaldarörðugleikanna, sem þá voru fyrir hendi, er eigi þyrfti lengur með jafnskjótt sem heimsstyrjöldinni lyki. Að þessi hafi verið hugsunin, má meðal annars sjá af niðurlagsákvæði þessara laga, þar sem gert er ráð fyrir því, að þau megi úr gildi fella með konunglegri tilskipun, þegar þeirra þætti eigi lengur þörf.

Þetta varð þó eigi svo í reyndinni. Þvert á móti voru lögín aukin og breytt með nýjum lögum, nr. 45, 28. nóv. 1919, og svo enn að nýju með lögum nr. 50, 27. júní 1921, er aldrei munu þó hafa komið til framkvæmda.

Um rjettmæti þessara húsaleigulaga hefir jafnan verið mikið deilt síðan þau fyrst urðu til. Og eftir því sem tímar liðu, virðist þeim hafa farið fjölgandi, sem lita svo á, að ákvæði þeirra sjeu öllum almenningi í kaupstaðnum

frekar til ógagns en gagns eins og nú er orðið högum háttað. Til þess bendir meðal annars það, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir með brjefi, dags. 1. des. 1925, farið þess á leit, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gerði ráðstafanir til, að þessi húsaleigulög yrðu úr gildi numin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir nú, af einhverjum ástæðum, ekki sjóð sjer fært að beita heimildinni í lögnum nr. 24, 12. sept. 1917, um að fella megi þau úr gildi með konunglegri tilskipun. Þess vegna hafa tveir af þingmönnum Reykjavíkur borið fram frumvarp það, sem hjer liggur fyrir um að nema umrædd húsaleigulög úr gildi.

Þetta frumvarp hefir nú með dálitilli breytingu verið samþykkt í háttv. neðri deild og sent þessari háttv. deild til meðferðar.

Og þar sem allsherjarnefnd þessarar deildar lítur svo á, að nú sje að minsta kosti engin þörf lengur fyrir umrædd húsaleigulög, telur hún rjett að verða við óskum bæjarstjórnarinnar að fella lög þessi úr gildi, og ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, óbreytt.

Alþingi, 14. april 1926.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Eggert Pálsson,  
fundaskr. og frsm.

Guðm. Ólafsson.